

# Hrísey -Perla Eyjafjarðar!

Eyjan er ævintýraheimur út af fyrir sig. Þar er mannlífð skemmtilegt, náttúran blómleg og fuglalífð engu öðru líkt. Að ganga um hellulagðar götur bæjarins eða rölta um fallegar gönguleiðir í návígi við náttúruna og sjóinn, er einstök upplifun.

Allar nánari upplýsingar er að finna á [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net) og [www.visitakureyri.is](http://www.visitakureyri.is). Það er leikur einn að komast út í eyju!

## SUMARÁÆTLUN FERJUNNAR:

### Frá Hrísey

7.00	9.00	11.00	13.00	15.00	17.00	19.00	21.00	23.00*
------	------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	--------

### Frá Árskógssandi

7.20	9.30	11.30	13.30	15.30	17.30	19.30	21.30	23.30*
------	------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	--------

\*Gildir 1. júní - 31. ágúst

Þanta þarf fyrstu ferð kl. 7.00 á laugarögum og 9.00 á sunnudögum allt árið.  
Ath. ekki er boðið upp á morgunferð kl. 7.00 á sunnudögum eða öðrum raðum dögum.  
Upplýsingar um verð og vetrarætlun má sjá á heimasíðunni [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net).  
Síminn um borð í Sævari er 695 5544.



## Gott að vita

Ferðafólk í Hrísey getur brugðið sér í sund, farið út að borða og fengið gistingu ef það vill staldra við lengur. Að neðan er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir þá sem sækja Hrísey heim.

### Brekka veitingahús

Opið 15. maí til 15. september frá kl. 11.00. Utan þess tíma er hægt að panta þjónustu með fyrirvara í síma 695 3737. Matur, kaffi, kökur og bar. Boðið upp á gistingu í tveggja manna herbergjum. Sími: 466 1751/695 3737. [brekkahrisey@brekkahrisey.is](mailto:brekkahrisey@brekkahrisey.is). [www.brekkahrisey.is](http://www.brekkahrisey.is)

### Cafe Hrísey - veitingastaður – bar

Sumaropnun 10. maí til 23. september frá kl. 10, annars opið frá kl. 12. Utan þess tíma er hægt að hafa samband í síma 690 3711. Hægt er að finna staðinn á Facebook. Sími 571 3450/690 3711.

### Gallerí og vinnustofa Sigurðar Högnasonar

Opið eftir samkomulagi. Sími 848 1377.

### Gallerý Perla – handverkshús

Opið alla daga kl. 13–18 frá 17. júní til 15. ágúst. Annars eftir samkomulagi. Sími 847 6918.

### Ferjan Sævar

Allt árið. Sjá auglýsingu annars staðar í bæklingnum. Sími 695 5544/696 2544.

### Hrísið - Amboðasmiðja og minjagripir

Opið eftir samkomulagi. Sími 821 8318.

### Júllabúð

Opið alla daga. Léttar veitingar og öll almenn matvara. Sjá nánar [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net). Sími 466 1707. Hægt er að finna búðina á Facebook

### Sumarhús í Hrísey

Upplýsingar á [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net) og [www.visithrisey.is](http://www.visithrisey.is).

### Sundlaugin í Hrísey og Íþróttamiðstöðin

Opið virka daga kl. 9.00–18.30 og um helgar kl. 10.30–17.00 yfir sumartímann. Annars sjá [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net). Sími 461 2255.

### Sparisjóðurinn og afgreiðsla Íslandspósts


Opið alla virka daga kl. 12–15. Hraðbankaþjónusta allan sólarhringinn. Sími 460 1800.

### Tjaldsvæði

Staðsett við hlið sundlaugarinnar, nánari upplýsingar í sundlauginni. Opið júní til ágúst. Annars eftir samkomulagi. Sími 461 2255.

### Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Opið alla daga frá 1. júní til 31. ágúst. Annars eftir samkomulagi. Upplýsingar um brottfarir, verð og bókanir í vagnferðir, sjóferðir og söfnin. Sími 695 0077. [hrisey@hrisey.net](mailto:hrisey@hrisey.net).



Útg. júní 2012. Ábyrgð: Akureyrarstofa. Hömunur: STÍLL Prentun: Ásprent. Myndir: Bjarni Ómar Guðmundsson, Gestur Leó Guðjónsson, Jónína G. Óskarsdóttir, Ragnar Hólm Magnarsson, Þorgeir Jónsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

## HOLLASTI SKYNDIBITINN!

# Bláskel frá Hrísey



5 MÍN. Í ELDUN

Hrein náttúruafurð

Bláskel er rík af próteinum, steinefnum, Omega 3 & 6 og D vítamíni.

Sölustaðir: Hagkaup Akureyri og Reykjavík - Nettó Akureyri og Reykjavík - Samkaup Hrísalundi Akureyri Viðir Reykjavík og Garðabæ - Sjávarfang Ísafirði - Júllabúð Hrísey - Þin verslun Seljabraut

Skelfélagið - Sandhorn - 630 Hrísey - Sími: 462 6905 - [www.skel.is](http://www.skel.is) - [skel@skel.is](mailto:skel@skel.is)



## BREKKA Veitingastaður


Frá 15. maí-15. september  
Opið daglega frá kl. 11.00

- Glæsilegur matseðill fyrir alla fjölskylduna
- Úrval af kaffidrykkjum og kjöris í vél
- Kakó, vöflur m/rjóma og heimabakaðar kökur
- Góð aðstaða til að sitja úti og njóta veitinga
- Gerum tilboð í allt að 60 manna hópa allt árið
- Gisting í tveggja manna herbergjum

Hlökkum til að þjónusta ykkur!

# HRÍSEY

PERLA EYJAFJARÐAR



## Hrísey – perla Eyjafjarðar

Hrísey er einstök í sinni röð, sannkölluð perla Eyjafjarðar. Hún er önnur stærsta eyjan við Ísland, næst á eftir Heimaey. Þar er mannlíf blómlegt, útsýni stórfenglegt um allan fjörð og fuglalíf fjölskrúðugt. Talið er að allt að 40 fuglategundir verpi í eyjunni og er rjúpan mjög áberandi, enda á hún þar griðland og hefur verið alfriðuð áratugum saman.

Hrísey er um 7,5 km á lengd og 2,5 km á breidd þar sem hún er breiðust að sunnanverðu. Í Hrísey búa um 200 manns og var eyjan sameinuð sveitarfélaginu Akureyri í kosningum árið 2004. Vorið 2009 varð Grímsey einnig hluti sveitarfélagsins.

Skemmtilegar gönguleiðir eru um eyjuna en einnig er gaman að skoða litla snyrtilega sjávarþorpið með hellulagðar götur og ræktarlega garða eyjarskeggja.

Sigling út í eyju með ferjunni Sævari tekur aðeins um 15 mínútur. Farið er frá Árskógssandi á einnar til tveggja stunda fresti.

## Velkomin til Hríseyjar!

[www.hrisey.net](http://www.hrisey.net)



## Hvað viltu gera?

Margt skemmtilegt er hægt að sjá og gera í Hrísey. Forvitnilegt er að heimsækja söfnin, fara í sund eða skoða eyjuna í rólegheitum með því að rölta eftir merktum gönguleiðum.

Dráttarvélaferðir í heyvögunum með leiðsögn eru afar vinsælar. Boðið er upp á daglegar ferðir yfir sumartímann og tekur hver ferð um 40 mínútur. Einnig er boðið upp á vitaferðir en útsýnið við vitann er undurfagurt og sólarlagið nýtur sín hvergi betur.

Boðið er upp á bátsferðir fyrir hópa, m.a. í kringum eyjuna, til að huga að kræklingalínunum, renna fyrir fisk, skoða sjófugla eða sigla á vit miðnætur-sólarinnar.

Í elsta húsi Hríseyjar, húsi Hákarla-Jörundar, hefur verið komið upp sýningu sem tengist hákarlaveiðum við strendur Íslands fyrr á öldum. Húsið hefur verið gert upp og fært í upprunalegt horf, þar er rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn yfir sumartímann.

Í Holti, húsi Öldu Halldórsdóttur, er nú að finna eins konar byggðasafn Hríseyjar en Alda ánafnaði Hríseyjarhreppi húsinu eftir sinn dag.

Upplýsingamiðstöðin í Hrísey sér um bókanir og veitir allar upplýsingar um þessar ferðir og söfnin í síma 695 0077. Sjá [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net).

## Fjölskyldu- og skeljahátíð

Seinni partinn í júlí ár hvert er haldin sérstök fjölskyldu- og skeljahátíð í Hrísey. Þá koma saman eyjarskeggjar, brottfluttir Hríseyingar og gestir hvaðanæva að og gera sér glaðan dag með söngvakeppni barna, óvissuferðum, ratleikjum, kvöldvöku og brekkusöng við varðeldinn.

## Gönguleiðir

Í Hrísey eru merktar gönguleiðir með upplýsingaskiltum á íslensku og ensku þar sem er að finna ýmsan fróðleik um flóru og fínu, jarðfræði og sögu eyjunnar. Á þessum gönguleiðum er tilvalið að hlaða batterið með viðkomu í Orkulindinni (sjá kort).

## Orkulindin

Mikið orkusvæði er á austurhluta eyjunnar og er talið vera hið annað kraftmesta hérlendis, á eftir Snæfellsjökli. Orkan stafar af hinum ægiefagra Kaldbaki handan fjarðar. Gott er að setjast niður í Orkulindinni, hugsa sinn gang, finna orkuna streyma um hugann, dást að útsýninu og hlýða á klíðmjúkan söng fuglanna.

## Gróðurfar

Eftir að beit var hætt í Hrísey árið 1974 hefur allur gróður tekið við sér og um alla eyju má sjá loðvíði, gulvíði, eini, birki, hrís (fjalldrapi) og fleiri tegundir. Nafn eyjunnar er dregið af hrís (Betula nana) sem þar þakti allt við landnám.

## Bláskelin góða

Sjórinn umhverfis Hrísey hentar ákaflega vel til bláskelsræktunar. Ræktun bláskeljar er sjálfbær og vistvæn. Engum aukaeftum, fôðri eða lyfjum er bætt í sjóinn og umhverfisrask er því nánast ekkert. Auk þess að vera herramannsmatur þá er bláskelin sannkallað heilsufæði. Hún er rík af Omega 3, A og D vítamínum, járni og próteinum en hitaeyningasnuauð. Skelfélagið í Hrísey ræktar, vinnur og selur hágæðabláskel á innanlandsmarkað og til útflutnings.

## Síldin kom og síldin fór

Á árunum frá 1930 til 1950 var eflaust mestur uppgangur í eygni. Síldarsöltun var mikil og fiskveiðar stundaðar af miklu kappi. Íbúatalan margfaldaðist yfir sumartímann. Línu- og síldarstúlkur streymdu til eyjarinnar úr öllum landshornum. Enn er þískrað um lífið í Hrísey á þessum tíma á setustofum aldraðra víðs vegar um land. Þar er talað um hin undurfögru og lognværu kvöld þegar miðnæturssólin lék um tinda fjallanna. Þar er sagt frá þegar gengið var hönd í hönd upp á eyjuna þegar húm síðsumarskvelda færðist yfir haf og hauður og lyngið var svo mjúkt og angaði svo dásamlega. Þar er talað um ástina sem menn fundu á þessari ævintýraeyju og áttu í huga sínum og hjarta upp frá því. Til er kímileg saga frá þessum tíma. Stúlka að vestan var spurð hvort hún hefði gíft. „Nei,“ sagði stúlkan. „En ég hef verið í Hrísey.“ [Frásögn Þorsteins Þorsteinssonar í bókinni Þekktu bæinn þinn eftir Jón Hjaltason sagnfræðing.]

## Þorgeirsboli

Sagnir herma að Þorgeirsboli, draugurinn ógurlegi, hafi upprunalega verið magnaður upp í Hrísey um miðja 18. öld. Þrír menn úr Fnjóskárdal er réru haustvertíð í Hrísey hafi staðið að því að galdra upp bola og bjuggu þeir hann þannig út að hann gat tekið á sig hinar ýmsu myndir, breyst í sjókvíkindi, hund, kött, mús, fugl eða undarlegt bland af þessu öllu. Sagt er að Þorgeirsboli hafi fylgt Galdra-Geira, einum af þremmingunum sem særðu hann upp, og börnum hans svo lengi sem fram á 20. öldina.

## Fuglaskoðun

Fuglaskoðunarhúsi hefur verið komið fyrir við svokallaða Lambhagaþjörn og má sjá þar margar tegundir af öndum og vaðfuglum. Í Hrísey verpa um 40 fuglategundir, sumar fálíðaðar en stofnar annarra skipta þúsundum. Helstu ástæður fyrir þessu óvenjulega mikla fuglalífi eru að allt fugladráp og eggjataka er bönnuð í eygni og þar finnast ekki refir, minkar, mýs eða rottur. Kjöraðstæður eru fyrir fjölmargar fuglategundir vegna lávaxinna lyngmóa sem klæða eyjuna og mikils ætis fyrir t.d. kríuna en um tíma var eitt stærsta kríuvarp í Evrópu í Hrísey.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net).



**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI